

Ár 2005, miðvikudaginn 2. nóvember, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Þingholtsstræti 33, Reykjavík.

Fyrir var tekið:

Mál nr. 19/2004.  
Faktor einkaleyfaskrifstofa ehf.  
fh. Sturlu Más Jónssonar og Á.  
Guðmundssonar ehf.  
gegn  
Grétari Frankssyni  
vegna  
ákvörðunar Einkaleyfastofunnar,  
dags. 12. júlí 2004, um að ógilda  
hönnunarskráningu nr. 175/1999.

Kveðinn var upp svofelldur

*ú r s k u r ð u r:*

Með hliðsjón af því að Einkaleyfastofan hefur fellt úr gildi hönnunarskráningu nr. 175/1999, sem áfrýjunin byggir á, með vísan til 2. mgr. 24. gr. hönnunarlaga nr. 46/2001 telur áfrýjunarnefndin að forsendur séu brostnar fyrir frekari meðferð málsins hjá nefndinni og því beri að vísa málinu frá.

*Ú r s k u r ð a r o r ð:*

Máli nr. 19/2004 er vísað frá nefndinni.

-----  
Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Einar Farestveit lögfræðingur og Hafdís Ólafsdóttir lögfræðingur.

*Málavextir:*

Þann 17. september 1999 lagði áfrýjandi inn umsókn um skráningu á hönnun fyrir „borðfót (stillanlegan á hæð)“. Sturla Már Jónsson, annar áfrýjanda, var tilgreindur sem hönnuður í umsókninni. Hönnunin var skráð hinn 14. október 1999, sbr. skráning númer 175, og var birt í ELS-tíðindum 20. október 1999.

Með bréfi, dags. 16. mars 2001, krafðist umboðsmaður varnaraðila þess að skráning hönnunarinnar yrði ógilt með vísun til 26., sbr. 27. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd. Einkaleyfastofan kvað upp úrskurð um þau andmæli hinn 19. desember 2002 þess efnis að hönnun nr. 175 skyldi ógilt þar sem hún uppfyllti ekki kröfur 2. gr. laga nr. 48/1993 um sérstæða hönnun og nýnæmi og því bæri þegar af þeirri ástæðu að ógilda skráninguna.

Með bréfi dags. 13. febrúar 2003 áfrýjaði umboðsmaður áfrýjanda ákvörðun Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Rökstuddi hann áfrýjunina m.a. með því að ákvörðun Einkaleyfastofunnar hafi byggt á nýjum málsástæðum sem aðilar hefðu ekki haft tækifæri til að tjá sig um. Með úrskurði áfrýjunarnefndar, dags. 23. febrúar 2004, í áfrýjunarmáli nr. 2/2003 var ákvörðun Einkaleyfastofunnar frá 19. desember 2002 felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar hjá Einkaleyfastofu þar sem andmælareglu hafði ekki verið gætt.

Þann 12. júlí 2004 kvað Einkaleyfastofan upp nýjan úrskurð þess efnis að hönnun nr. 175 skyldi ógilt með þeim rökum að hún væri það svipuð hönnun nr. 167 og 168 að það bryti gegn hönnunarrétti eigenda þeirra, sbr. 3. tl. 25. gr. laga nr. 48/1993. Ekki var fjallað um fyrri ákvörðun Einkaleyfastofunnar um að ógilda hönnun nr. 175 þar sem hún uppfyllti ekki kröfur 2. gr. laga nr. 48/1993 um sérstæða hönnun og nýnæmi og aðilum var heldur ekki gefinn kostur á að tjá sig um nýja meðferð málsins hjá Einkaleyfastofunni.

Umboðsmaður áfrýjanda áfrýjaði nýrri ákvörðun Einkaleyfastofunnar, dags. 12. júní 2004, til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 13. september 2004. Greinargerð hans með áfrýjununni barst nefndinni með bréfi, dags. 15. nóvember 2004. Greinargerð varnaraðila barst nefndinni með bréfi, dags. 28. janúar 2005. Bréf var sent til aðila 16. febrúar 2005 og þeim tilkynnt að málið yrði tekið til úrskurðar. Vegna anna nefndarmanna, m.a. vegna mikillar aukningar í málafjölda hjá nefndinni á árinu 2004, dróst að málið væri tekið til meðferðar. Á þeim tíma varð ljóst að áfrýjandi hafði ekki endurnýjað hönnunarskráningu sína sem áfrýjunin byggðist á. Skráningartímabili hönnunar áfrýjanda nr. 175 lauk þann 17. september 2004 en samkvæmt 1. mgr. 24. gr., sbr. 4. mgr. 60. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, þá hafði hann frest til 17. mars

2005 til skila inn beiðni um endurnýjun. Sá frestur leið án þess að beiðni um endurnýjun hönnunar nr. 175 væri lögð fram. Af þeim sökum fjallaði nefndin fyrst um það atriði, þ.e. þá staðreynd að búið væri að fella úr gildi hönnunarskráningu áfrýjanda sem áfrýjunin byggðist á, þegar hún kom saman til fundar vegna meðferðar málsins, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 41/2000. Málið var tekið til úrskurðar 2. nóvember 2005.

Rán Tryggvadóttir

Einar Farestveit

Hafdís Ólafsdóttir

Rétt endurrit staðfestir: